

10 Smjörtsali skal auðkenna umbúðir þess smjörts, sem hann selur, með tölu 30. jan. (númeri) framleiðanda í bókinni og setja nafn sitt undir.

6. gr.

Hverjum smjörtsala ber að senda ráðuneytinu afrit af viðeigandi hluta af bók þeirri, sem um ræðir í 5. gr., og skrá yfir hversu mikið hann hefur selt af smjöri fyrir smjörframleiðendur, ásamt móttökukvittunum frá kaupendum, til þess að geta fengið greiddar verðuppbætur.

7. gr.

Verðuppbætur verða greiddar ársfjórðungslega af því smjöri, sem selt hefur verið undanfarinn ársfjórðung, þegar öll gögn hafa borizt ráðuneytinu um söluna á því tímabili og nauðsynleg athugun hefur farið fram á þeim.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

11

4. febr.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar komi kl. 6 síðdegis, í stað kl. 7 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. febrúar 1943, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

12

6. febr.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. jan. 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1943. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.